



Afkoma fjórða ársfjórðungs 2024 og ársins 2024

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu fjórða ársfjórðungs 2024 (4F24)

- Hagnaður af rekstri nam 6,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2024 (4F23: 6,2 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 11,2% á ársgrundvelli (4F23: 11,2%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 10,9 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2024 og lækkuðu um 855 milljónir króna á 4F24 samanborið við 4F23.
- Vaxtamunur var 2,7% á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 2,9% á fjórða ársfjórðungi 2023.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 3,2% samanborið við fjórða ársfjórðung 2023 og námu samtals 3,6 milljörðum króna á fjórðungnum.
- Hreinar fjármagnstekjur námu 169 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi 2024, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 455 milljónir króna á 4F23.
- Aðrar rekstrartekjur námu 782 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 258 milljónir króna á 4F23.
- Stjórnunarkostnaður nam 7,1 milljarði króna á fjórða ársfjórðungi 2024, samanborið við 6,6 milljarða króna á 4F23, að undanskilinni 100 milljón króna stjórnvaldssekt, sem er 7,7% hækkun á milli ára.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 45,7% á fjórðungnum. Kostnaðarhlutfallið var 41,1% á 4F23.
- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 352 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2024 samanborið við virðisrýrnun sem nam 1.002 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi 2024. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,11 prósentustig á ársgrundvelli á fjórða ársfjórðungi 2024 samanborið við 0,33 prósentustig á sama ársfjórðungi 2023.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 21,3 milljarða króna á fjórðungnum um 1,7% frá þriðja ársfjórðungi og voru 1.295 milljarðar króna í lok árs 2024.
- Innlán frá viðskiptavinum voru svo til óbreytt milli loka þriðja og fjórða ársfjórðungs 2024 og námu 927 milljörðum króna í lok fjórðungsins.
- Eigið fé nam 227,4 milljörðum króna í lok ársfjórðungsins, samanborið við 224,7 milljarða króna í lok árs 2023.
- Eiginfjárhlutfall var 23,2% í lok fjórða ársfjórðungs 2024, samanborið við 25,3% í árslok 2023. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 20,1%, samanborið við 21,4% í árslok 2023. Eiginfjárhlutfall almennt þáttar 1 var 470 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila í lok ársfjórðungsins, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans um að vera með 100-300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 19,6% af áhættugrunni, til viðbótar við samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Í lok árs 2024 var MREL bankans 33,4%, 390 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu ársins 2024

- Hagnaður af rekstri árið 2024 nam 24,2 milljörðum króna (2023: 24,6 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 10,9% á ársgrundvelli (2023: 11,3%).
- Hreinar vaxtatekjur ársins námu 47,3 milljörðum króna, sem er samdráttur um 2,8% á milli ára.
- Hreinar þóknatekjur drógust saman um 1,2% á milli ára, og námu 13,1 milljarði króna árið 2024, samanborið við 13,3 milljarða króna árið 2023.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 338 milljónir króna á árinu 2024, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 241 milljón króna árið 2023.
- Aðrar rekstrartekjur námu 2.282 milljónum króna árið 2024, samanborið við 570 milljónir króna árið 2023.
- Stjórnunarkostnaður var 27,6 milljarðar króna fyrir árið 2024, ef frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 25,7 milljarða króna stjórnunarkostnað ársins 2023, ef frá er talin gjaldfærsla að fjárhæð 960 milljónir króna vegna stjórnvaldssektar.
- Kostnaðarhlutfall bankans, leiðrétt fyrir stjórnvaldssektum, hækkaði úr 40,6% árið 2023 í 43,9% fyrir árið 2024.



- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 645 milljónir króna á árinu 2024, samanborið við virðisrýrnun sem nam 1.015 milljónum króna fyrir árið 2023.

Bestun efnahagsreiknings, arðgreiðslur og útgreiðsla á umfram eigin fé

- Stjórn Íslandsbanka mun leggja til 12,1 milljarða króna arðgreiðslu við aðalfund bankans í mars. Það er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans um að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð til hluthafa.
- Áform um bestun eiginfjársamsetningar bankans standa enn, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Líkt og áður hefur komið fram getur slíkt falið í sér bæði innri og ytri vöxt, sem og greiðslu til hluthafa, hvort heldur sem er í formi sérstakrar arðgreiðslu og/eða með endurkaupum á eigin hlutum.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur veitt bankanum heimild fyrir allt að 15 milljarða króna endurkaupa eigin hluta að markaðsvirði. Bankinn mun tilkynna um tímasetningu og framkvæmd endurkaupa samkvæmt framangreindri heimild þegar ákvörðun um þau hefur verið tekin. Fjármálaeftirlitið hefur einnig veitt bankanum heimild til lækkunar hlutafjár sem nemur fjárhæð þeirra eigin hluta sem keyptir eru á grundvelli heimilda fjármálaeftirlitsins sem veittar voru árin 2023 og 2024. Heildarfjárhæð þeirra heimilda var 15 milljarðar króna, og hefur bankinn þegar keypt eigin hluti fyrir um 12,5 milljarða króna.
- Stjórn bankans mun óska eftir endurnýjaðri heimild til endurkaupa á eigin bréfum að því marki sem lög leyfa á aðalfundi bankans í mars 2025.
- Gert er ráð fyrir að innleiðing reglugerðar sem snýr að mati á eiginfjárbörf banka (CRR3) leiði til þess að áhættugrunnur bankans dragist saman um 4–5% við innleiðingu og muni aukast lítillaga yfir árið 2025, sem eykur útgreiðslugetu umfram eigin fjár eða eykur vaxtarmöguleika. Gert er ráð fyrir því að CRR3 hækki heildar eiginfjárlutfall um 1,10 prósentustig í 24,3% og eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 um 1,0 prósentustig í 21,1%. Bankinn hefur þegar undirbúið nauðsynlegar breytingar í aðdraganda innleiðingarinnar og er með til reiðu breytt vöruframboð með það að markmiði að innleiða breytt regluverk.

Lykiltölur

		4F24	3F24	2F24	1F23	4F23
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	6.283	7.280	5.266	5.417	6.228
	Arðsemi eigin fjár	11,2%	13,2%	9,7%	9,8%	11,2%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,7%	2,9%	3,1%	3,0%	2,9%
	Kostnaðarlutfall ^{1,2}	45,7%	40,4%	45,7%	43,9%	41,1%
	Áhættukostnaður útlána ³	(0,11%)	(0,27%)	(0,04%)	0,23%	0,33%
		31.12.24	30.9.24	30.6.24	31.3.24	31.12.23
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.295.388	1.274.094	1.276.608	1.248.295	1.223.426
	Eignir samtals, m.kr.	1.607.807	1.622.458	1.595.896	1.643.707	1.582.694
	Áhættuvegnar eignir, m.kr.	1.040.972	1.021.243	1.019.494	1.015.161	977.032
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	926.846	927.011	916.127	879.554	850.709
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	140%	137%	139%	142%	144%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ⁴	1,6%	1,6%	1,8%	1,9%	1,8%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	125%	126%	123%	127%	124%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	168%	223%	190%	190%	195%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	227.355	223.388	216.501	215.718	224.693
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁵	20,1%	20,2%	19,9%	19,9%	21,4%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁵	21,0%	21,2%	20,9%	20,9%	22,5%
	Eiginfjárlutfall ⁵	23,2%	23,4%	23,1%	23,6%	25,3%
	Vogunarlutfall ⁵	13,2%	13,0%	13,0%	12,6%	13,4%
	MREL hlutfall ⁶	33,4%	35,6%	35,6%	39,1%	41,3%

1. Reiknað sem (stjórnunarkostnaður – einskíptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).

2. Kostnaðarlutfall undanskilur stjórnvaldssekt að fjárhæð 470 m.kr. á 2F24 og 100 m.kr. á 4F23.

3. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

4. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

5. Að meðtöldum 3F23 hagnaði fyrir 30.9.23.

6. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjáruka.



Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Fjórði ársfjórðungur 2024 einkenndist einna helst af því að Seðlabanki Íslands hóf loks vaxtalækkunarferli, eftir langt tímabil hárra vaxta. Áhrifa þessa gætti mjög á verðbréfamarkaði á fjórðungnum og nam hækkun OMX Iceland 15 vísitölunnar um 15,8% á tímabilinu. Afkoma Íslandsbanka var góð og nam hagnaðurinn 6,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi og var arðsemi eiginfjár 11,2%. Var það þrátt fyrir að verðbólguójöfnuður næmi 193 milljörðum króna í lok árs. Inn í góða afkomu bankans á fjórðungnum spilar hækkun á virði fjárfestingareigna og jákvæð áhrif virðisbreytinga útlánasafns. Afkoman fyrir árið í heild nam 24,2 milljörðum og var arðsemin 10,9%, sem er yfir fjárhagsmarkmiðum bankans. Kostnaðarhlutfall bankans nam 45,7% á fjórðungnum og 43,9% fyrir árið í heild. Samanborið við árslokátölur 2023 jukust útlán um 5,9% á ársgrundvelli sem er nokkuð meiri vöxtur en varð árið áður. Eiginfjárstaða bankans er afar sterk og í lok árs 2024 nam eigin fjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) 20,1% sem er 270 punktum yfir markmiði bankans miðað við miðgildi 100-300 punkta stjórnendaauka. Áform um bestun á eiginfjársamsetningu bankans eru enn í forgangi, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Í nýjum stefnuvita bankans er kastljósinu beint að fjárhagslegri heilsu viðskiptavina og mun bankinn áfram kappkosta við að efla viðskiptavinum sína með fræðslu og góðu samstarfi. Bankinn leggur þar einnig aukna áherslu á framsækni og arðbæran vöxt. Þá tilkynnti bankinn um samstarf við VÍS þar sem bæði félög munu bjóða viðskiptavinum sínum sérstakan ávinning í gegnum vildarkerfi sín. Með þessu er hægt að bjóða enn betri þjónustu og kjör samhliða betri yfirsýn yfir fjármálin.

Greining Íslandsbanka kynnti á dögnum nýja þjóðhagsspá. Samkvæmt henni má vænta áframhaldandi hjóðunar verðbólgu og frekari lækkunar stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Þar með má segja að hagkerfið sé að ná vissu jafnvægi og væntingar eru því um aukin vöxt efnahagslífsins. Samhliða nýrri spá héldum við fund um innviði í heilbrigðisþjónustu en bankinn hefur undanfarin misseri bent á uppsafnaða þörf á fjárfestingum í margvíslegum innviðum á Íslandi. Bankinn er vakandi fyrir tækifærum á því sviði og hefur ýtt undir samtal milli einkaaðila og opinberra í þeim efnum. Þá eykur þátttaka bankans í slíkum verkefnum erlendis enn frekar við reynslu okkar og eflir samstarf við erlenda aðila.

Sjálfbærni er fyrir löngu orðin hluti af daglegum rekstri bankans og mikilvægt að áfram sé unnið að metnaðarfullum markmiðum á því sviði. Í nýútgefinni Árs- og sjálfbærnisráðgjafu okkar fyrir árið 2024, sem aðgengileg er á vef bankans, er greint frá helstu áföngum sem bankinn náði á árinu, bæði á sviði sjálfbærni en einnig í rekstri viðskiptaeininga og innan stoðsviða. Meðal ánægjulegra tækninýjunga má nefna að upplýsingar um sparnað í Fríðu, fríðindakerfi bankans, uppfærist nú í rauntíma fyrir debetkort og nýjum netbanka, verður hleypt af stokkunum á fyrsta ársfjórðungi 2025 eftir miklar breytingar á þessari mikilvægu dreifileið bankans undanfarið. Það er gaman að sjá hvað sterk liðsheild skilar góðum árangri við þróun nýrra lausna.

Fram undan eru spennandi tímar við innleiðingu nýrrar stefnu þar sem markmiðið er að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og vera hreyfiafl til góðra verka. Áfram er mikil áhersla á að efla fjárhaglega heilsu og mun bankinn halda áfram öflugum fræðslustarfi. Samstarf Íslandsbanka og VÍS opnar á ný tækifæri í þjónustu við okkar viðskiptavinum og við hlökkum til að móta það samstarf og kynna það nánar á komandi vikum og mánuðum.

Helstu atriði úr rekstri á fjórða ársfjórðungi 2024 (4F24)

- Á fjórða ársfjórðungi keypti bankinn eigin hluti fyrir um 2,3 milljarða króna, eða um 0,9% af útgefnum hlutum. Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 til 7. febrúar 2025, hefur bankinn keypt 116,9 milljónir eigin hluta, eða sem nemur um 5,9% af útgefnum hlutum.
- Þann 2. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um þá ákvörðun að stýrivextir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentustig, niður í 9,0%. Síðar á fjórðungnum, þann 20. nóvember, tilkynnti Seðlabankinn um frekari lækkun stýrivaxta, um 0,50 prósentustig, niður í 8,5%. Íslandsbanki gerði breytingar á vöxtum á fjórða ársfjórðungi, í kjölfar beggja stýrivaxtaákvæðna Seðlabankans. Breytingarnar fólu meðal annars í sér að vextir á verðtryggðum húsnæðislánum hækkuðu um 0,20-0,30 prósentustig og óverðtryggð húsnæðislán lækkuðu um allt að 0,75 prósentustig.
- Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) samþykkti þann 4. október skilaáætlun fyrir Íslandsbanka og þar með ákvörðun um hæfar skuldbindingar (MREL), sem uppfylla þar með hliðsjón af áhættugrunni (e. *TREA – total risk exposure amount*) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. *TEM – total exposure measure*). Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans

19,6% og MREL-TEM bankans 6%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Frestur fjármálafyrirtækja til að uppfylla lágmarkskröfu um undirskipan eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga er til þriggja ára eftir að tekin hefur verið ákvörðun um lágmarkskröfuna, eða október 2027 í tilfalli bankans.

- Í nóvember uppfærði alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings horfur á Íslandsbanka úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti BBB+/A-2 langtíma- og skammtíma einkunnir bankans og A-/A-2 RCR einkunnir.
- Þann 4. desember 2024 tilkynnti Seðlabankinn um ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar að lækka skyldi kerfisáhættuaukann úr 3% í 2% með vísan til þess mats nefndarinnar að kerfisáhætta hafi minnkað frá því að gildi aukans var fyrst ákveðið árið 2016. Þá ákvað nefndin einnig að hækka eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki úr 2% í 3%. Lækkun kerfisáhættuauka og hækkun eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki hefur í för með sér að heildareiginfjárfkrafa á kerfislegu mikilvægu bankana þrjá verður nánast óbreytt, einnig í tilfalli Íslandsbanka.
- Fjórtán nýsköpunarverkefnum hlutu styrk í árlegri úthlutun Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka í nóvember. Heildarfjárhæð styrkja nam 50 milljónum króna, sú sama og fyrir ári síðan. Allir styrkþegar fara fyrir verkefnum sem falla að markmiði sjóðsins um að stuðla að þeim fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki hefur valið að leggja áherslu á; Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Nýsköpun og uppbygging og Aðgerðir í loftlagsmálum. Frá árinu 2019 hefur sjóðurinn fengið 875 umsóknir og heildarfjárhæð styrkja nemur 265 milljónum króna frá stofnun hans.
- Ný stefna bankans var samþykkt af stjórn hans á fjórða ársfjórðungi og kynnt fyrir starfsfólki í upphafi árs 2025. Stefnan er afrakstur stefnumótunar sem fram fór þvert á bankann og tók stjórn bankans þátt í henni auk starfsfólks. Ný stefna beinir kastljósinu að fjárhagslegri heilsu viðskiptavina bankans og kynnir til sögunnar nýtt gildi, *framsækni* sem eitt af þremur gildum bankans og stendur sem slíkt ásamt *samvinnu* og *fagmennsku*. Frekari upplýsingar um nýja stefnu Íslandsbanka og undirliggjandi stefnuáherslur má finna á vef bankans.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Þann 22. janúar 2025 tilkynnti Íslandsbanki um samstarf bankans og VÍS. Rauði þráðurinn í samstarfinu er að viðskiptavinir, sem eru í viðskiptum við bæði félög, njóta sérstaks ávinnings í vildarkerfum beggja félaga. Með samstarfinu er þjónusta við viðskiptavini beggja félaga aukin og horft til fjölgunar viðskiptavina og að auka ánægju núverandi viðskiptavina. Samstarfið og útfærslur þess verður kynnt nánar á vormánuðum.
- Þann 5. febrúar 2025 tilkynnti peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands um ákvörðun sína að lækka stýrivexti um 0,50 prósentustig, og hélt þar með áfram vaxtalækkunarferlinu sem hófst í október 2024. Íslandsbanki breytti vöxtum sínum í kjölfar ákvörðunarinnar, og lækkaði vexti á óverðtryggðum lánnum og óverðtryggðum innlánnum um 0,50 prósentustig.
- Þann 5. febrúar 2025 veitti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands bankanum heimild fyrir allt að 15 milljarða króna endurkaupum eigin hluta að markaðsvirði. Fjármálaeftirlitið veitti eining heimild til lækkunar hlutafjár. Heimildin lýtur að lækkun hlutafjár sem nemur fjárhæð endurkaupa á eigin hlutum á grundvelli heimilda sem fjármálaeftirlitið veitti 2023 og 2024. Heildarfjárhæð heimilda sem fjármálaeftirlitið veitti á nefndu tímabili nam 15 milljörðum króna og hefur bankinn nú nýtt um 12,5 milljarða króna af þeirri heimild.
- Greining Íslandsbanka birti þjóðhagsspá fyrir árin 2025–2027 í janúar. Spáin er aðgengileg [hér](#).

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar sem finna má í viðhengi (íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörsins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal). Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspeglar atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki



seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGSL

Vefstreymi föstudaginn 14. febrúar 2025

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 14. febrúar 2025 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á fjórða ársfjórðungi og árinu 2024. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka af fundinum verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að bera fram skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni færðu afhent símanúmer og auðkenni fyrir fundinn. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka í gegnum netfangið ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er birtingu árshluta- og ársuppgjörs á eftirfarandi dagsetningum:

Aðalfundur – 31. mars 2025

Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs 2025 – 8. maí 2025

Árshlutauppgjör annars ársfjórðungs 2025 – 31. júlí 2025

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2025 – 30. október 2025

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka fyrir árið 2025 eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögul tímabil eru einnig aðgengilegar.